

Ed.

545. Breytingartillaga

[176. mál]

við frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálaráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar sex manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.